

Lög um erfðafjárskatt, undirskrifuð af konungi s. d.

Lög um viðauka við lög nr. 11, 31. júlí 1907, um breytingu á lögum nr. 10, 13. apríl 1894, um útflutningsgjald, undirskrifuð af konungi s. d.

Lög um úrskurðarvald sáttanefnda, undirskrifuð af konungi s. d.

Lög um forgangsrétt kandidate frá háskóla Íslands til embætta, undirskrifuð af konungi s. d.

Lög um rétt kvenna til embættisnáms, námsstyrks og embætta, undirskrifuð af konungi s. d.

Lög um lækningaleyfi, undirskrifuð af konungi s. d.

Lög um sjúkrasamlög, undirskrifuð af konungi s. d.

Lög um sölu á prestssetrinu Húsavík með kirkjujörðinni Þorvaldsstöðum, undirskrifuð af konungi s. d.

Lög um breyting á lögum 16. nóv. 1907, um skipun læknishéraða o. fl., undirskrifuð af konungi s. d.

Lög um breyting á lögum nr. 57 frá 22. nóv. 1907, um vegi, undirskrifuð af konungi s. d.

Lög um viðauka við lög um verzlunarbækur, undirskrifuð af konungi s. d.

Lög um atvinnu við vélgæzlu á íslenskum gufuskipum, undirskrifuð af konungi s. d.

Lög um gjöld til holræsa og gangstétta í Reykjavík o. fl., undirskrifuð af konungi s. d.

Fjárlög fyrir árin 1912 og 1913, undirskrifuð af konungi s. d.

Fjáraukalög fyrir árin 1908 og 1909, undirskrifuð af konungi s. d.

Lög um heimild til lántöku fyrir landssjóð, undirskrifuð af konungi s. d.

Bréf stjórnarráðsins til biskups um breyting á launakjörum sóknarprestsins að Ólafsvöllum.

90
13. júní Samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í bréfi, dags. 26. f. m., og ósk hlutaðeiganda hefir stjórnarráðið fallist á, að sóknarpresturinn að Ólafsvöllum, síra Brynjólfur Jónsson, frá fardögum síðastliðnum að telja taki laun sín eftir lögum 16. nóv. 1907, um laun sóknarpresta, og er prestur þessi í fyrsta launaflokki (1700 kr.).

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar, að því viðbættu, að eftirgjald prestssetursins með 5 hjáleigum hefir verið ákveðið 395 kr. 68 aur.